

Sþ.

265. Tillaga til þingsályktunar

[133. mál]

um umferðarkennslu í söng.

Flm.: Helgi Seljan Friðriksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna, hvort ekki muni fært að taka upp umferðarkennslu í söng við þá barnaskóla, þar sem ekki eru starfandi söngkennarar.

Greinargerð.

Mjög víða, einkum við smærri skóla landsins, er skortur á kennurum, sem kennt geta söng, og það jafnt þótt tíð kennaraskipti hafi orðið og það hverju sinni auglýst, að þörf væri á slíkum kennara. Verður þetta þá til þess, að við þá skóla er engin söngkennsla, nema þá að um utanaðfengna krafta sé að ræða. En mjög víða er því ekki heldur til að dreifa.

Þessi skortur á kennurum með söngkennarapróf stafar fyrst og fremst af því, að mjög fátítt er, að kennarar stundi söngkennaranám með venjulegu námi í kennarskólanum, en af því leiðir, að mjög lítil hluti útskrifaðra kennara hefur slíka sérmenntun. Flestir þeirra fara þá til starfa við hina stærri skóla.

Fyrirsjáanlegt er, að á næstunni verður sami skortur á söngkennslu barna í fjölmörgum skólum og að þeim skólum muni ekki fækka, sem verða að fella söng af námsskrá sinni.

Það verður að teljast mikil vöntun í nám barna og skólalíf allt, ef söngur er þar felldur niður, og á því er brýn nauðsyn að ráða einhverja bót. Með þessari tillögu er bent á eina leið, en að öðru leyti ekkert ákveðið um nánari framkvæmd hennar. En það er markmið hennar að fá söngkennara til þess að kenna söng við hina ýmsu skóla nokkurn tíma á hverjum stað á vetri hverjum, eftir því sem henta þykir á hverjum stað og tíma. Á það má að lokum benda, að slík umferðarkennsla, þó að í öðrum óskyldum greinum hafi verið, hefur gefizt vel.